

# Da Gud var dreng

Höfundur texta: Sankt Nielsen  
Höfundur mynda: Madam Karrebæk  
Forlag: Høst og Søn 2015

Tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2016

Söguþráður: Da Gud var dreng tekur lesandann með sér aftur í upphafsins og í bókinni er leitast við að svara nokkrum grundvallarspurningum: Hvernig varð heimurinn til, hver skapaði hann og hvernig var eiginlega þegar Guð var barn? Í kirkjulegum tón og með áhrifamiklum myndskreytingum er í bókinni sögð ný útgáfa af sköpunarsögunni þar sem óöryggi, einmanaleiki, ótti og leiði en líka það sem er óvænt, gleðin og áhrif þess að fá að ráða sjálf, eru hluti af sögunni.

Þetta er áhrifamikil saga með sterkum myndum og umfjöllunarefnum svo sem einmanaleika og dauða, og því er sérlega mikilvægt að vera búin að lesa bókina og meta markhópin áður en lestur hefst.

Efnisorð: Trú og efi, völd, vanmáttur, einmanaleiki, sköpun, söknuður, ótti, kímni

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvers vegna haldið þið að strákurinn sé með svona marga handleggi og fótleggi?


Hvaða dýr sjáið þið í bókinni? Eru einhver dýr sem þið hafið ekki séð áður? Finnið sjálf upp á dýri og teiknið mynd af því.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápana: Um hvað heldurðu að bókin sé?

2. Hvað dettur þér í hug þegar þú sérð strákinn á bókarkápunni? Gætir þú gengið ef þú værir með sex fætur? Hvað myndir þú gera ef þú værir með sex handleggi?

3. Hvers vegna heldur þú að Guð sé látinn vera strákur og með svona marga handleggi og fótleggi?



4. Hvers vegna heldurðu að sé dimmt í byrjun bókarinnar en bjart í lok hennar?

5. Teiknaðu mynd af einhverju sem gleður þig. Notaðu hvítan eða svartan pappír.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvað finnst þér um strákinn í Da Gud var dreng?

2. Hvers vegna heldurðu að höfundurinn hafi ákveðið að láta Guð vera strák?

3. Hvað myndir þú gera ef þú værir Guð og mættir ráða öllu?

4. Skoðaðu öftustu opnuna í bókinni þar sem góðir en líka óþægilegir hlutir koma út úr munnnum stráksins. Gerðu lista yfir þá tíu hluti sem þér finnast bestir og teiknaðu síðan mynd af þér þar sem uppáhaldshlutirnir koma út úr munninum þínum eða eru sýndir í hugsanabólu.

5. Búðu til sögu þar sem orðið „Guð“ er í heiti sögunnar.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér um bókina? Hvað fannst þér ekki skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Var eitthvað sem kom þér á óvart?

2. Veldu þrjár opnur í bókinni: Opnuna sem þér finnst best; opnuna sem þér finnst síst heppnuð og opnuna sem kom þér mest á óvart.

3. Berðu frásögnina í Da Gud var barn saman við sköpunarsöguna í Fyrstu Mósebók í Biblíunni. Hverju tekurðu eftir sem er líkt og ólíkt með þeim?

4. Hvernig túlkar þú sögulok?

5. a) Teiknaðu mynd þar sem það sem mestu máli skiptir er falið en samt sýnilegt, eða b) Teiknaðu mynd af einhverju sem er ekki til.

6. Hvaða hugsanir koma upp í hugann eftir lestur bókarinnar?

**AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:**

Alla mina sista. Höfundur: Maija Hurme.

Da Mumbo Jumbo blev kæmpestor. Höfundur: Jakob Martin Strid.

MÁLAMOLI

# "Strákur"

sænska

Pojke

danska

Dreng

norska

Gutt

íslenska

Strákur

færeyska

Drongur

grænlandska

Nukappiaraq

finnska

Poika

norðursamíska

Gánda



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)